GRUNDTVIG

FULLORÐINSFRÆÐSLA

Stjórnardeild mennta- og menningarmála

Menntaáætlun Evrópusambandsins

www.grundtvig.is

GRUNDTVIG

Markmið Menntaáætlunar ESB er að stuðla að þróun öflugs þekkingarsamfélags í Evrópu. Sérstök áhersla er lögð á samskipti, samstarf og samnýtingu af reynslu, þekkingu og þjálfun í Evrópu.

MENNTAÁÆTLUN ESB

TÍMABIL: **1. janúar 2007 – 31. desember 2013.**

FJÓRIR ÞÆTTIR ÁÆTLUNARINNAR

COMENÍUS:	**leik-, grunn- og framhaldsskólamenntun**
ERASMUS:	**háskólastigið**
LEONARDÓ:	**starfsmenntun**
GRUNDTVIG:	**fullorðinsfræðsla og aðrar menntunarleiðir**

GRUNDTVIG ÁÆTLUNIN dregur nafn sitt af danska guðfræðingnum og ljóðskáldinu Nicolai Frederik Severin Grundtvig (1783-1872). Hann lagði grunninn að fullorðinsfræðslu með verkinu ,,Skolen for livet og academiet i soer" þar sem hugmyndin um stofnun lýðháskóla var sett fram.

MARKMIÐ GRUNDTVIG:

- Að svara auknum menntunarþörfum Evrópubúa í breyttu þjóðfélagsformi þar sem eldra fólki fjölgar meira en áður þekktist.
- Að gefa fullorðnu fólki möguleika á að bæta þekkingu og færni.
- Að auka möguleika á námsferðum nemenda í fullorðinsfræðslu. Stefnt er að því að fjöldi nemenda í ferðum árlega nái a.m.k. 7000 árið 2013.
- Að auka gæði og samstarf milli fullorðinsfræðslustofnana í Evrópu.
- Að aðstoða fólk við að mennta sig, sérstaklega þá sem litla eða enga menntun hafa.
- Að auðvelda þróun og nýsköpun í fullorðinsfræðslu og flæði á milli landa.
- Að styrkja þróun og nýjungar í tölvutengdu námi, aðferðafræði og nýjar leiðir í fullorðinsfræðslu.
- Að bæta kennslufræði og stjórnun í fullorðinsfræðslustofnunum.

FORGANGSATRIÐI Í GRUNDTVIG VERKEFNUM:

- **Efla grunnfærni fullorðinna** • **Bæta gæði í fullorðinsfræðslu** • **Bæta aðgengi og ímynd fullorðinsfræðslu**
- **Finna leiðir til að meta óformlegt nám** • **Ná til fólks sem hefur litla menntun og lítil tök á að mennta sig**
- **Vinna við kennslu á eldra æviskeiði, kynslóðabil brúað.**

HVERJIR GETA TEKIÐ ÞÁTT?

Allar stofnanir/fyrirtæki sem sinna fullorðinsfræðslu, endurmenntunarstofnanir ýmis konar, háskólar sem vinna að rannsóknum á námsefni og/eða námsefnisgerð fyrir fullorðinsfræðslu. Samtök/stofnanir sem þjálfa kennara í fullorðinsfræðslu, stéttarfélög, bókasöfn, söfn og sveitarfélög og kennarar í fullorðinsfræðslu.

SÍMENNTUN OG ENDURMENNTUN

GRUNDTVIG STYRKIR EFTIRFARANDI VIÐFANGSEFNI:

- Endurmenntun fullorðinsfræðslukennara frá 5 dögum í allt að sex vikna námskeið, starfsþjálfun eða „job-shadowing“. Þrír umsóknarfrestir eru á ári: í janúar, apríl og september.
- Námsferðir og starfsmannaskipti frá 1 degi í allt að 12 vikur. Hægt er dvelja við fullorðinsfræðslustofnanir eða sækja ráðstefnur eða vinnustofur. Markmiðið er að bæta þekkingu og læra af starfsfélögum í fullorðinsfræðslu.
- Samstarfsverkefni fullorðinsfræðslustofnana í samstarfi a.m.k. 3 landa til tveggja ára. Verkefni byggja á því að efla starf fullorðinsfræðslustofnana. Styrkupphæðir fara eftir fjölda ferða í verkefnum. Umsóknarfrestur er í febrúar.
- Ferðastyrkir til að sækja undirbúningsfundi eða tengslaráðstefnur til að koma á fót samstarfsverkefnum. Umsóknarfrestir eru ekki ákveðnir en umsóknir berist a.m.k 2 mánuðum fyrir brottför. Evrópskar tengslaráðstefnur eru að jafnaði haldnar á haustin.
- Stærri samstarfsverkefni t.d. þróun námsefnis, þematísk net o.fl. er sótt um beint til framkvæmdastjórnarinnar í Brussel.
- Grundtvig vinnustofur. Viðfangsefni vinnustofanna getur verið hvað sem er í fullorðinsfræðslu: t.d. listir, tónlist, nýsköpun, stærðfræði, vísindi, tungumálakennsla lítt útbreiddra tungumála, umræðuhópar, evrópsk málefni, fjölmenning o.fl. Styrkir til verkefnis snúa að móttöku- og ferðakostnaði þátttakenda. Grundtvig vinnustofur þurfa ekki að vera skipulagðar í samstarfi við önnur lönd en byggja á þátttöku 10 - 20 nemenda. Þriðjungur nemenda geta verið frá sama landi. Styrkir fást ekki til þátttakenda frá heimalandinu en þeir geta tekið þátt. Umsóknarfrestur er í febrúar.
- Sjálfboðaliðaverkefni 50+. Sjálfboðaliðaverkefni byggja á samstarfi tveggja fullorðinsfræðslustofnana sem skiptast á 2-6 sjálfboðaliðum 50 ára og eldri í a.m.k. 3 vikur. Styrkir til verkefna snúa að móttöku og ferðakostnaði þátttakenda. Umsóknarfrestur er í mars.
- Starfsþjálfun /Assistantship Verðandi eða starfandi fullorðinsfræðslukennurum gefst tækifæri til að vinna við fullorðinsfræðslustofnun í Evrópu í 3-8 mánuði. Umsóknarfrestur er í mars.

FORGANGSATRIÐI Í GRUNDTVIG NETUM:

• Tungumálamenntun í fullorðinsfræðslu • Akademísk net í fullorðinsfræðslu

• Net hagsmunaðila í fullorðinsfræðslu. • Mat og viðurkenning á færni í fullorðinsfræðslu.

- STARFAR ÞÚ Á SVIÐI FULLORÐINSFRÆÐSLU?
- LANGAR ÞIG Í EVRÓPSKT SAMSTARF FULLORÐINS-FRÆÐSLUSTOFNANA T.D. MENNTASAMSTARF, SJÁLFBOÐALIÐAVERKEFNI EÐA VINNUSTOFUR?
- VILTU SÆKJA EVRÓPSK ENDURMENNTUNARNÁMSKEIÐ EÐA RÁÐSTEFNUR Á SVIÐI FULLORÐINSFRÆÐSLU?
- VILTU GERAST AÐSTOÐARKENNARI VIÐ FULLORÐINS-FRÆÐSLUSTOFNUN Í EVRÓPU?
- HEFURÐU HUGMYND AÐ KENNSLUEFNI EÐA NÁMSKEIÐI Í FULLORÐINSFRÆÐSLU?

LANDSKRIFSTOFA MENNTAÁÆTLUNAR ESB VEITIR NÁNARI UPPLÝSINGAR WWW.GRUNDTVIG.IS

Stjórnardeild mennta- og menningarmála
Menntaáætlun Evrópusambandsins

Þessi bæklingur er gefinn út með styrk frá Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins. Efni bæklingsins endurspeglar eingöngu afstöðu höfunda þess og Framkvæmda- stjórnin ber enga ábyrgð á því hvernig upplýsingar úr honum eru nýttar. 2010©

LANDSKRIFSTOFA MENNTAÁÆTLUNAR ESB | WWW.GRUNDTVIG.IS | ALÞJÓÐASKRIFSTOFA HÁSKÓLASTIGSINS
HÁSKÓLATORGI VIÐ SÆMUNDARGÖTU | 101 REYKJAVÍK | SÍMI 525 4311 | FAX: 525 5850 | ASK@HI.IS